

Stjórnarfundur nr. 11

26. mars 2014 kl.17:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Jóna Th. Viðarsdóttir, Herdís Hallmarsdóttir, Delia Kristín Howser, Ólafur E. Jóhannsson, Arninbjörn Friðriksson, Brynja Tomer og Guðmundur A Guðmundsson. Fríður Esther Pétursdóttir, framkvæmdastjóri ritar.

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra HRFÍ

25.febrúar sl fór framkvæmdastjóri ásamt Sólheimakotsnefnd á fund með fulltrúum Mosfellsbæjar. Fundurinn gekk vel en niðurstaða fundarins var sú að fulltrúar beggja aðila færu að skoða kotið og kæmu með tillögur að úrbótum. Fulltrúar Mosfellsbæjar sjá því ekkert til fyrirstöðu að við fáum að hafa kotið áfram ef eðlilegar úrbætur fara fram á ástandi húsins og eru tilbúnir að skoða að gera lengri leigusamninga við félagið.

Alls hafa 1501 félagsmaður greitt aukafélagsgjaldið. Í dag greiddi ég inná lán á 1.veðrétt kr 671.700 sem voru eftirstöðvar söfnunar eftir kostnað og greiðslu til Íslandsbanka. Eftirstöðvar lánsins með verðbótum fyrir greiðslu var 27.620.724, en ég fæ upplýsingar frá bankanum á morgun um hvar lánið stendur nákvæmlega eftir þessa innborgun.

Skrifstofa hefur verið þéttsetin núna í mars, en alls eru áætlaðir 23 fundir í mánuðinum, mestmegnis aðalfundir deilda.

Húsnæðið að Klettagörðum er selt og því þurftum við að tæma fyrir 1.apríl. Framkvæmdanefnd hittist laugardaginn 22.mars og fluttum allt sýningadótið uppí Sólheimakot. Gámurinn var svo færður nokkrum dögum seinna og er núna líka uppí Sólheimakoti. Framkvæmdanefnd stefnir á að hittast í Sólaheimakoti í Maí og fara yfir dótið, þrífa og lagfæra.

Deildarstjóri fræðsludeildar Fjölskyldu og húsdýragarðsins setti sig í samband við mig vegna verkefnis sem þau eru að fara á stað með í samvinnu við Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur (SFS). Hugmyndin er að kenna börnum að umgangast hunda til að koma í veg fyrir slys. Litið er til vinnu sem unnin hefur verið á Akranesi þar sem hundapjálfi hefur mætt í leikskóla með hunda til að kenna krökkunum að umgangast hunda rétt og þannig koma í veg fyrir bit og önnur slys. Húsdýragarðurinn og SFS hefur gert með sér samstarfssamning. Skv. honum gefst nemendum í grunn- og leikskólum tækifæri að kynnast þeim ýmsu dýrum sem búa í garðinum. Fjölskyldu og húsdýragarðurinn hefur óskað eftir samstarfi við félagið um þetta verkefni, og er hugmyndin að vera með námskeið í garðinum á skólatíma leikskóla og jafnvel grunnskólum. En ég mun fara á fund með þeim til að ræða þessi mál og útfærslur betur á næstu dögum.

2. Stefnumótunardagur

27 félagsmenn mættu á fund 15.febrúar á skrifstofu HRFÍ frá eftirfarandi deildum: Shih-tzu-, Yorkshire terrier-, Mjóhundadeild, FDH, Ensk cocker-, Smáhundadeild, Fjár og hjarðhundadeild, Schaferdeild, Írsk setter-, Papillon-, Boxer-, DÍF, Cavalier-, Retriever-, Schnauzer-, Íþróttadeild, Unglingadeild, Greifil & Sporhundadeild og Svæðisfélagi Norðurlands, ásamt stjórn HRFÍ. Eftirtaldir aðilar buðu sig fram í nefnd: Arnheiður Runólfsdóttir, Guðmundur A Guðmundsson, Guðrún Margrét Baldursdóttir, Magnús Orri Schram, Margrét Guðrún Bergsveinsdóttir, María Hjaltadóttir Vordís Sigurpórsdóttir, Þórdís Björg Björgvinsdóttir. Nefndin er búin að hittast tvisvar og stefna á að hittast aftur næsta þriðjudag.

3. Ársfundir – ársskýrslur ræktunardeilda

Í starfsreglum ræktunardeilda HRFÍ III. kafla um stjórn ræktunardeildar 6.gr. stendur að eftir árfund deildar skuli skila samhljóða skýrslum til stjórnar HRFÍ; þ.e. ársskýrslu og rekstrar- og efnahagsyfirliti.

Ársskýrsla Siberian Huskydeildar – tölvupóstur 4. mars – vantar rekstrarreikning

Ársskýrsla Retrieverdeildar – tölvupóstur 19. mars
Ársskýrsla Schnauzerdeildar – tölvupóstur 20. mars - vantar rekstrarreikning
Ársskýrsla DÍF – tölvupóstur 24. mars – vantar rekstrarreikning
Ársskýrsla Íþróttadeildar - tölvupóstur 25 .mars.

Neðangreindur tölvupóstur barst frá stjórn ShihTzudeildar þann 10. mars.

„Góðan dag,
Stjórn ShihTzu deildar óskar eftir undanþágu vegna Ársfundar deildarinnar. Fundurinn á að fara fram fyrir lok mars ár hvert samkvæmt lögum félagsins. Nú stendur þannig á að 2 stjórnarmenn eru fjarverandi annar vegna veikinda og hinn erlendis fram í byrjun apríl. Við viljum að sjálfsögðu hafa fundinn okkar lögum samkvæmt og óskum við því eftir að fá að halda fundinn í fyrstu viku apríl mánaðar,
Fyrir hönd ShihTzudeildar HRFÍ
Súsanna Antonsdóttir“

4. Nýir sýningardómarar

18. febrúar sl. sendi Sýningadómaranefnd HRFÍ neðangreindan tölvupóst til stjórnar HRFÍ til staðfestingar:

„Ágætu stjórnarmenn.
Í gær kom mjög svo ánægjulegur tölvupóstur til sýningadómaranefndar HRFÍ frá dönsku sýningadómaranefndinni. Eftir yfirferð skriflegra ræktunardóma dómaranema okkar og að teknu tilliti til umsagna dómara um hæfi nemanna þá mælir danska nefndin með eftirfarandi:

Sóley Halla Möller fái dómaraéttindi á:
Icelandic Sheepdog, Siberian Husky, Pomeranian, Australian Shepherd and Shetland Sheepdog

Sóley Ragna Ragnarsdóttir fái dómaraéttindi á:
Cavalier King Charles Spaniel, Chihuahua smooth-haired, Chihuahua Long-haired, Griffon Belge, Griffon Braxellois, Japanese Chin, Pug, Petit Brabançon.

Viktoría Jensdóttir fái dómaraéttindi á:
Labrador Retriever, Golden Retriever, English Cocker Spaniel and American Cocker Spaniel

Sýningadómaranefnd HRFÍ hefur ákveðið að tilkynna og heiðra nýja sýningadómara í úrslitum sýningar á sunnudaginn með sama hætti og gert var við Ástu M. Guðbergsdóttur. Ofangreindar upplýsingar eru sendar stjórn HRFÍ til staðfestingar. Sýningadómaranefnd HRFÍ á ekki von á öðru en samþykki ykkar á þessum gleðifröttum og biður ykkur því vinsamlegast um staðfestingu sem fyrst.“

Stjórn HRFÍ staðfesti samhljóða ofangreind tilmæli Sýningadómaranefndar HRFÍ.

5. Erindi frá Siðanefnd

Siðanefnd óskaði eftir fundi með stjórn HRFÍ og mættu aðal- og varamenn siðanefndar á fund. Í upphafi var lesin ályktun stjórnar og kynnt breyting á reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ. Í framhaldinu urðu umræður um málefni siðanefndar og framfylgd úrskurða hennar.

Ályktun stjórnar:

Siðanefnd HRFÍ starfar samkvæmt lögum félagsins. Hún er kosin á aðalfundi HRFÍ ár hvert. Hlutverk siðanefndar er ákvarðað í lögum félagsins en eins og þar kemur fram er henni ætlað að gæta þess að félagsmenn HRFÍ hafi í heiðri lög um dýravernd, lög HRFÍ og þær grundvallarreglur sem HRFÍ hefur

sett sér varðandi meðferð hunda, hundarækt og sölu hunda og úrskurða í málum þeirra aðila sem taldir eru hafa brotið gegn reglum og markmiðum félagsins eða unnið gegn því á einhvern hátt innan félags eða utan.

Siðanefnd er sjálfstæð í störfum sínum.

Stjórn ber ábyrgð á starfsfólki HRFÍ og tekur saman starfslýsingar og leiðbeiningar fyrir starfsfólk og hefur tilsjón með starfi þess. Til þess hefur stjórn ráðið framkvæmdastjóra sem ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins. Starfsfólki ber að framfylgja úrskurðum siðanefndar og er það hluti daglegs rekstrar. Í ljósi þess að stjórn félagsins er í langflestum tilfellum kærandi í málum sem koma fyrir siðanefnd á stjórn ekki að hafa nein afskipti af því á hvern hátt úrskurðum er framfylgt.

Eftir atvikum annast framkvæmdastjóri framfylgd úrskurða siðanefndar. Komi upp vafi um túlkun niðurstöðu siðanefndar telur stjórn í ljósi framangreinds eðlilegt að framkvæmdastjóri leiti skýringa hjá siðanefnd.

6. Erindi frá Papillon-og phalénédeild – tölvupóstur 18. mars

Óskað er eftir túlkun stjórnar HRFÍ og skrifstofufólks á orðaleik sbr. bókun stjórnar við erindi Arnheiðar Runólfsdóttur á stjórnarfundum 12. febrúar sl.

Á stjórnarfundum ályktaði stjórn samkvæmt neðangreindu og eins var gerð reglugerðarbreyting á skráningu í ættbók. Stjórn bendir hinsvegar á að þessar breytingar gilda ekki afturvirk.

7. Erindi frá Cavalierdeild – tölvupóstur 29. janúar (bréf frá 16. ágúst 2013)

Stjórn cavalierdeildarinnar óskar eftir smábreytingu á orðalagi á reglunni um hjartaskoðun cavalierhunda en reglan er svona í dag:

Vottorð undaneldishunda má ekki vera eldri en 6 mánaða við pörun og skulu þeir vera án murrs þar til 6 ára aldri er náð. Vottorð eftir að 5 ára aldri undaneldishunda er náð gildir í eitt ár. Vottorð (tekið) eftir 7 ára aldur undaneldishunda gildir ævilangt.

(Skýring við regluna er á cavaliersíðunni og er svohljóðandi): Eingöngu skal ræktað undan hundum án murturrs. Hunda sem náð hafa 6 ára aldri án murrs (með hreint hjartavottorð tekið eftir að 6 ára aldri er náð) má þó nota áfram þó þeir greinist með murr síðar.

Nú kom upp tilfelli, þar sem hundur var notaður 6.6 ára gamall og var tekið vottorð þá og greindist hundurinn með murr gr. 1. Síðasta vottorðið hans var tekið þegar hann var 5.4 ára gamall og þá var hann hreinn, það vottorð rann út þegar hann var 6.4 ára gamall. Samkvæmt okkar skilningi mátti ekki nota þennan hund til undaneldis og sögðum við eiganda hundsins það. Hundurinn var þrátt fyrir það notaður og ekki gerð athugasemd við ættbókarskráningu hjá HRFÍ þar sem þar var reglan túlkuð þannig að vottorðið hefði verið í gildi þegar hundurinn var 6 ára og því mætti nota hann áfram og þá sjálfsagt ævilangt.

Ef reglan er túlkuð svona er nægilegt að hundarnir fái hreint hjartavottorð við 5 ára og 1 dags aldur sem var engan veginn tilgangurinn þegar reglan var sett. Því þarf að breyta henni þannig að hún verði skýrari og þjóni tilgangi sínum.

Tillaga að breyttri reglu:

Vottorð undaneldishunda yngri en 5 ára má ekki vera eldri en 6 mánaða við pörun og skulu þeir vera án murrs. Vottorð eftir að 5 ára aldri er náð gildir í eitt ár. Hunda sem hafa hreint hjartavottorð tekið eftir 6 ára aldur má nota áfram þótt þeir greinist með murr síðar. Vottorð tekið eftir 7 ára aldur undaneldishunda gildir ævilangt. Til að vottorð sé gilt þarf að nota eyðublöð frá HRFÍ.

Deildin óskar eftir því að breytingin taki gildi um leið og stjórn HRFÍ hefur samþykkt hana.

Samþykkt

8. Erindi frá Jóninu M. Hjartardóttur – tölvupóstur 24. Febrúar

Réttur aðili innan félagsins til að taka á svo málum er siðanefnd félagsins, stjórn vinnur nú að

breytingu á grundvallareglum sem mun gera síðanefnd kleift að taka slík mál til meðferðar.

**9. Erindi frá Móniku Karlsdóttur – tölvupóstur 12. Mars [fylg.skj A-2648](#)
Samþykkt**

**10. Erindi frá Retrieverdeild – tölvupóstur 19. Mars [fylg.skj A-2649](#)
Samþykkt**

11. Erindi frá Vinnuhundadeild – dagskrá vinnuprófa 2014 - tölvupóstur 14. febrúar

Neðangreindur tölvupóstur kom frá Vinnuhundadeild 12. mars:

Við höfum tekið eftir því að það hefur verið seinkað stjórnarfundinum til 26. mars. Við erum búnar að senda inn dagskrá fyrir árið 2014 þar sem fyrsta prófið er í byrjun apríl og fyrir það próf gefst okkur tækifæri fyrir sanngjarnan pening að fá erlendan dómara til að dæma.

Okkur langar með þessu bréfi að athuga hvort við fáum leyfi fyrir þessu prófi án stjórnarfundar svo við getum nýtt okkur dómara því 26. mars er of nálægt prófinu svo það geti orðið.

Langt er síðan að erlendir dómari hefur dæmt hlýðniþróf hér á landi og því er þetta ónetanlegt tækifæri fyrir okkur sem erum að keppa.

18. mars svaraði formaður tölvupósti frá 12. mars:

Stjórn Vinnuhundadeildar HRFÍ

Sæl öll.

Ég biðst velvirðingar á því að svara ykkur ekki fyrr.

Umsókn ykkar um dagskrá vinnuprófa árið 2014 barst ekki til stjórnar HRFÍ fyrr en 14. febrúar þ.e. tveimur dögum eftir stjórnarfund í febrúar.

Erindið verður þ.a.l. tekið fyrir á stjórnarfund 26. mars.

Engu að síður á ég ekki von á því að stjórnarmenn HRFÍ séu á móti því að gestakennarinn Line Sandstedt hjá Hundaskólanum Hundalíf dæmi á prófi Vinnuhundadeildar þann 5. apríl. Að sjálfsögðu ber okkur að nýta svona gott boð.

Vonandi verður góð skráning hjá ykkur.

Samþykkt

12. Erindi frá Fuglahundadeild HRFÍ – tölvupóstur 21 mars [Fylg.skj A-2650](#)

Framkvæmdastjóri kannaði málið hjá Advania.

„Í dag er eingöngu hægt að fá Access inni í Office pakkanum því miður. Til þess að bæta þessu við þyrftum við að setja upp kerfisleigu aðgang þar sem þú getur nýtt þér Office pakkann, sjá meðfylgjandi PDF skjal með verðinu. Því miður ekki önnur leið fær í gegnum hýsinguna, það er spurning hvort þú myndir vilja skoða að kaupa Office pakkann til að hafa á vélinni hjá þér?“

Kostnaður er án vsk.kr.7.111.- á mánuði.

Erindi frestað þangað til að nánari upplýsingar fást.

14. Ra ehf.

Skoða húsnæðismál fyrir aðalfund HRFÍ sbr. aukafélagssfund 11. september.

Málið er í vinnslu, framkvæmdastjóri og vara formaður munu halda áfram með málið.

15. Grundvallarreglur HRFÍ

Á stjórnarfund 12. febrúar voru stjórnarmenn sammála um að leita eftir álit Vísindanefndar HRFÍ á grein 2.4 og 2.7 í nýjum grundvallarlögum HRFÍ.

Málinu frestað, ennþá vantar svar frá vísindanefnd.

16. Aðalfundur HRFÍ

Engar lagabreytingartillögur bárust fyrir tilskilin frest. Á heimasíðu félagsins hefur verið auglýstur

framboðsfrestur til stjórnarkjörs en hann rennur út 30. mars n.k. Stjórn ákvað að aðalfundur félagsins skyldi haldinn 15.maí n.k. kl.20.00 í félagsheimili Fáks.

17. Viðbót á Reglugerð um skráningu í ættbók Hundaræktarfélags Íslands

11. Framsal ræktunarnafns er óheimil þegar félagsmaður sætir viðurlögum síðanefndar samkvæmt 2.5. og 6 tölulíð 28. gr. laga HRFÍ.

18. Önnur mál

Fundi slitið kl.19.00